

Fyrir hönd Listaháskóla Íslands býð ég gesti velkomna á útskriftarsýningu nemenda í hönnun og myndlist. Sýningin er kjölfestan í dagskrá Vorhátíðar Listaháskólans sem haldin er á sýningartímanum. Alls eiga 56 nemendur hér verk, jafnmargir úr hvorri grein. Sýningarstjórar eru Hekla Dögg Jónsdóttir, sem stjórnar myndlistarhlutanum, og Steinþór Kári Kárason, sem stjórnar uppsetningu á verkum hönnunarnemenda og hefur auk þess umsjón með innsetningum í fordyri og á göngum.

Útskriftarsýningin hefur undanfarin ár verið í húsnæði skólans í Laugarnesi en nú er breytt út af og hún sett upp í sérhæfðu sýningarhúsnæði Listasafns Reykjavíkur. Með þessu er sett aukin ábyrgð á herðar nemendanna um að sýna ábyrgð í framsetningu verka sinna og er sýningin að nokkru prófraun á það hvernig þeim tekst að nýta aðstæður sem þeir síðar sem atvinnumenn gætu átt eftir að takast á við. Þetta er nemendum okkar ómetanleg reynsla og vil ég þakka Listasafni Reykjavíkur þann góða skilning sem safnið sýnir á mikilvægi góðrar menntunar fyrir upprennandi listafólk.

Um leið og ég óska útskriftarnemendum til hamingu þakka ég öllum sem komið hafa að uppsetningu og útfærslu sýningarinnar fyrir þann metnað sem þeir hafa lagt í sín verk. Í því sambandi vil ég sérstaklega þakka sýningarstjórunum og starfsfólki Listasafns Reykjavíkur fyrir afbragðs góða samvinnu. Það er trú mín að sýningin endurspegli þann fjölbreytileika sem ríkir meðal þessa stóra hóps og um leið þann kraft sem býr að baki listsköpun ungs fólks í dag. Sýningargestum óska ég að þeir eigi eftir vel að njóta.

Hjálmar H. Ragnarsson
rektor

■ MYNDLIST

Ásdís Mercedes Spano
Baldur Björnsson
Berglind Ásgeirsdóttir
Bergur E. Sigurðarson
Einar Valur Aðalsteinsson
Elín Guðmundardóttir
Elín Hansdóttir
Guðmundur Thoroddsen
Guðný Rúnarsdóttir
Halldóra Ingimarsdóttir
Helga Árnadóttir
Hildigunnur Birgisdóttir
Iðunn Árnadóttir
Íris Eggertsdóttir
Jóhanna Bj. Benediktsdóttir
Jóhanna Helga Þorkelsdóttir
Kolbrá Þ. Bragadóttir
Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir
Margrét Rós Harðardóttir
Oddvar Örn Hjartarson
Sighvatur Andrésson
Sigurður Guðjónsson
Sigurveig Árnadóttir
Sólveig Alda Halldórsdóttir
Sólveig Einarsdóttir
Tinna Ævarsdóttir
Tómas Lemarquis
Úlfur Chaka Karlsson

■ HÖNNUN

Anna Björnsdóttir
Árni Reynir Alfredsson
Dagbjört Guðmundsdóttir
Dagný Reykjalín
Eidís Anna Björnsdóttir
Erna Guðmundsdóttir
Eva Hrönn Guðnadóttir
Guðjón Bragi Stefánsson
Guðmundur Þór Kárason
Guðrún Lárusdóttir
Guðrún Ragna Sigurjónsdóttir
Gunnar Þór Vilhjálmsson
Helga Rós V. Hannam
Hulda Karlotta Kristjánsdóttir
Jonathan Gerlach
Jóhannes Hólm
María Kristín Jónsdóttir
Linda Loeskow
Ragnar Hansson
Sesselja Th. Sigurðardóttir
Sif Guðmundsdóttir
Signý Kolbeinsdóttir
Sigurður Ingi Ljótsson
Sólveig Rólfsdóttir
Svavar Pétur Eysteinnsson
Valgerður Einarsdóttir
Valgerður Jónasdóttir
Vigdís Ólafsdóttir

■ ■ ■
Sýningarstjórar: Hekla Dögg Jónsdóttir og Steinþór Kári Kárason

■ ■ ■
Nánari upplýsingar um nemendur og verk þeirra er að finna í útskriftarbók skólans sem hægt er að kaupa í fordyri safnsins.

Það er mikið fagnaðarefni að vorhátíð Listaháskóla Íslands árið 2003 fari fram í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi.

Útskriftarsýning Myndlistar- og handíðaskóla Íslands og síðar Listaháskóla Íslands hefur verið einn af árvissum vorboðum í myndlistarlífinu. Þessar sýningar hafa jafnan verið fjölsóttar og fjölbreyttar, líflugar og listfengar, enda felst í þeim að verið er að kynna til leiks næstu kynslóðir myndlistarfólks og hönnuða í menningarlífi landsmanna. Nú er sýningin hluti af vorhátíð skólans, sem mun gera þennan maímánuð enn listfengari en ella.

Listasafn Reykjavíkur og Listaháskóli Íslands hafa átt með sér margs konar samstarf í gegnum árin. Það samstarf mun vonandi aukast á komandi árum, með það að markmiði að bjóða almenningi að njóta þeirrar listar, sem efst er á baugi hverju sinni.

Ég vil að lokum bjóða nemendur Listaháskóla Íslands velkomna í Listasafn Reykjavíkur, og óska þeim til hamingju með glæsilega vorhátíð.

Eiríkur Þorláksson
forstöðumaður